

Hollvinasamtök varðskipsins Óðins taka jákvætt undir þessi bæði mál og fagna þeim hugmyndum sem að baki þeim liggja. Hinsvegar er nokkur vandi sem fylgir þessu máli um ákvarðanatöku hvaða báta og skip skuli vernda og kemur þá oftár en ekki til huglægt mat og tengingar við liðna tíð. Það er ekki óeðlilegt að fyrst um sinn sé miðað við að smíðaár báta og skipa sé fyrir árið 1950, einhver takmörkun verður að vera vegna aðgengis að þessum sjóði á meðan sjóðstjórn áttar sig á umfangi málsins. Sögulegar forsendur skips og báta geta þó nokkuð um ráðið um verndun skipa og verða að vera sérstök ákvæði gildandi fyrir sjóðstjórn þar sem brugðið er frá smíðári og nefni ég hér t.d. varðskipið Óðinn og dráttarbátinn Magna.

Smíðaár dráttarbátsins Magna er 1953 til 1955 og er fyrsta stálskipasmíði Íslendinga og er þessvegna m.a. eðlilegt að varðveita.

Varðskipið Óðinn er smíðaður á áunum 1958 til 1960, þjónusta skipsins við hina smáu og dreifðu byggð, fólkið á landsbyggðinni sem býr við ólíklegustu aðstæður, og aðkoma skipsins að vörslu fiskveiðlandhelginnar við útfærslu í 12, 50, og 200 sjómílu tengist svo mjög íslensku þjóðlífi. Einnig þeim sem í eldlínunni stóðu og vörðust þ.e. starfsmönnum Landhelgisgæslunnar til sjós og lands, embættismönnum og stjórnámálamönnum.

Fh. Stjórnar Hollvinasamtaka varðskipsins Óðins

Guðmundur Hallvarðsson